

Hvað þarf að  
geyma afrit  
lengi?

Lög, reglur,  
leiðbeiningar &  
tilmæli

Þorvaldur E. Sigurðsson  
Director of IT Consulting

18. mars 2015



Hver er tilgangur afrita?

# Tegund gagna

Tölvupóstar

Ýmis skjöl á skráarsvæði eða í skalavistunarkerfi

Samningar

Fylgiskjöl, vinnuskjöl, minnisblöð, fjárhagsupplýsinga

Gagnagrunnar



# Opinber gögn

Lagasafn og reglur

Sakaskrá, dómsúrskurðir, skattaskrár

Þjóðskrá, skipaskrá, fasteignaskrá,  
ökutækjaskrá

Tollakerfi, skattakerfi, fjárhagskerfi ríkisins

Aðalskipulag, deiliskipulag

Þjóðskjalasafn



# Fjármálaeftirlitið

## Tilmæli

# Fjármálaeftirlitið – Leiðb. tilmæli nr. 2 / 2014

Efni leiðbeinandi tilmæla um rekstur upplýsingakerfa  
**eftirlitsskyldra aðila**

## 9. Varðveisla og meðhöndlun gagna

9.2 [ ... ] telur Fjármálaeftirlitið að varðveisla og meðhöndlun gagna af hálfu eftirlitsskyldra aðila þurfi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

9.2.1. **Gerð séu öryggisafrit af gögnum og upplýsingakerfum.**

9.2.2. Fyrirkomulag og verklag afritunar þarf **að mati** Fjármálaeftirlitsins að vera með **skipulögðum hætti og innihalda reglubundið eftirlit** með því að afrit séu samkvæmt skjalfestu verklagi, nothæf og aðgengileg og innihaldi m.a. lýsingu á geymslutíma, staðsetningu afrita og búnaði nauðsynlegum til endurheimta.

## Fjármálaeftirlitið – Leiðb. tilmæli nr. 2 / 2014

9.2.3. Afrit af upplýsingakerfum sem innihalda viðskiptaupplýsingar séu tiltæk að lágmarki í **tvö ár** frá uppruna skráningar, þ.m.t. afritunarkerfi sem þarf til að endurheimta gögnin.

9.2.4. Afrit af upplýsingakerfum með samskiptum sem innihalda viðskiptafyrirmæli séu tiltæk að lágmarki í **fimm ár** frá uppruna skráningar, þ.m.t. afritunarkerfi sem þarf til að endurheimta gögnin.

9.2.5. Afrit af bókhaldskerfum séu tiltæk að lágmarki í **sjö ár** frá uppruna skráningar, **samkvæmt 19. og 20. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald**, þ.m.t. afritunarkerfi sem þarf til að endurheimta gögnin.



# Fjármálaeftirlitið – Leiðb. tilmæli nr. 2 / 2014

## Tegund gagna

9.3. Undir ofangreind kerfi falla öll þau upplýsingakerfi eftirlitsskylds aðila sem innihalda skráningar og gögn **er varða viðskiptaupplýsingar og/eða viðskiptafyrirmæli**. Hér er því átt við **öll upplýsinga- og samskiptakerfi er tengjast viðskiptum, s.s. tölvupóstur, símkerfi, farsímar, föx, snarspjall eða annarskonar samskiptakerfi, auk annarra gagna sem innihalda viðskiptafyrirmæli**.





# Fjármálaeftirlitið – Leiðb. tilmæli nr. 2 / 2014

## Tegund gagna

9.3.1. Með **viðskiptaupplýsingum** er átt við allar upplýsingar og gögn um viðskiptavini og stöðu hans gagnvart viðkomandi eftirlitsskyldum aðila.

9.3.2. Með **viðskiptafyrirmæli** er átt við samskipti sem fela í sér bindandi ákvarðanir á milli aðila, s.s. fyrirmæli um framkvæmd ákveðinna viðskipta, staðfestingu á samningum, o.s.frv.

9.3.3. Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir ef eftirlitsskyldur aðili kys að **takmarka móttöku viðskiptafyrirmæla við ákveðin kerfi**, s.s. tölvupóst eða annan álíka sannanlegan máta



Lög frá alþingi

145 / 1994 um bókhald

# Lög nr. 145/1994 um bókhald

## 19. gr.

**Fylgiskjöl** með bókhaldinu skal tölusetja á reglubundinn hátt og til þeirra vísa við innfærslur í bækurnar. **Þau skulu geymd í samfelldri töluröð.**

Hverjum bókhaldsskyldum aðila er skylt **að geyma** með skipulögðum hætti **öll bréf, myndrit og skeyti er honum berast og hafa þýðingu í rekstri hans. Enn fremur skal halda eftir samritum af öllum þeim bréfum, myndritum og skeytum er hann sendir öðrum og hafa þýðingu í rekstri hans.**



# Lög nr. 145/1994 um bókhald

## 20. gr.

Allar bækur, [ ... ], ásamt bókhaldsgögnum og fylgiskjölum, svo og bréf, myndrit og skeyti eða samrit þeirra, þar með talin gögn sem varðveitt eru í **rafrænu formi**, [ ... ], skulu **varðveittar hér á landi** á trygghan og öruggan hátt í **sjö ár** frá lokum viðkomandi reikningsárs. Þeim sem nota sjóðvélar er þó ekki skylt að varðveita innri strimla lengur en **þrjú ár** frá lokum viðkomandi reikningsárs enda liggi fyrir fullfrágengið bókhald og undirritaður ársreikningur.

[ ... ] er félögum, sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í **erlendum gjaldmiðli** [ ... ], heimilt að varðveita gögn [ ... ] erlendis í allt að **sex mánuði**. Yfirvöld geta þó krafist aðgangs að þeim hér á landi og skal þeim þá skilað innan hæfilegs tíma. Bókhaldsgögn, sem eru á rafrænu formi, skulu ætíð vera aðgengileg yfirvöldum.

Ársreikning skal ætíð varðveita í **25 ár**.

Persónuvernd

Staðsetning gagna

# Persónugreinanleg gögn EES

- Ekki má vista persónugreinanleg gögn fyrir utan EES án sérstakrar undanþágu.
- Sama á við varðandi aðgengi þ.e. í gegnum tölvuskjá til skoða slík gögn utan EES.
- Sendiráð Íslands fyrir utan EES teljast sem íslensk grund.
- Hvað með opinbera starfsmenn sem eru á ferðalagi fyrir utan EES?



# Persónugreinanleg gögn

## Lög nr. 77 / 2000, gr. 6

Lögin gilda um vinnslu persónuupplýsinga á vegum ábyrgðaraðila sem hefur staðfestu hér á landi, enda fari vinnsla persónuupplýsinganna fram á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í landi eða á stöðum sem Persónuvernd auglýsir í Stjórnartíðindum.

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

Lögin gilda einnig um vinnslu upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust lögaðila, sbr. 45. gr. laganna, enda þótt ábyrgðaraðili hafi ekki staðfestu hér á landi, ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

# Persónuvernd

## Reglur nr. 837 / 2006, 7. gr. Varðveisla & eyðing

**Óheimilt er að varðveita** persónuupplýsingar sem til verða við rafæna vöktun nema það sé nauðsynlegt í ljósi tilgangs vöktunarinnar.

Persónuupplýsingum sem safnast við rafræna vöktun **skal eytt þegar** ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Málefnaleg ástæða til varðveislu upplýsinga getur m.a. byggst á fyrirmælum í lögum eða því að ábyrgðaraðili vinni enn með þær í samræmi við upphaflegan tilgang með öflun þeirra. **Upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun má þó ekki varðveita lengur en í 90 daga nema lög heimili. Þetta á ekki við um persónuupplýsingar sem verða til við atburðaskráningu eða eru geymdar á öryggisafritum.** Sama á við um upplýsingar sem þarf að varðveita vegna fyrirliggjandi réttarágreinings, sbr. 7. tl. 9. gr. laga nr. 77/2000.



# Persónuvernd

## Úrskurður 28.05.2014 – Vodafone málið

Samkvæmt 3. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 skulu fjarskiptafyrirtæki, í þágu rannsókna sakamála og almannaöryggis, varðveita svonefnda lágmarksskráningu gagna um fjarskiptaumferð notenda í **sex mánuði**. Tekið er fram í ákvæðinu að **eyða skuli gögnunum að þessum tíma liðnum**, enda sé þeirra ekki þörf lengur til reikningsgerðar fyrir áskrifendur og uppgjörs fyrir samtengingu.

Varðveisla Fjarskipta hf. á SMS-skilaboðum, sem [A] sendi af vefsíðu fyrirtækisins, samrýmdist ekki lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Reglugerð ANR

Rafræn fjármálagögn

# Reglugerð...

## nr. 505 / 2013, gr. 6

...um rafræna reikninga, rafrænt bókhald, skeytamiðlun, skeytaþjónustu, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna reikninga- og bókhaldskerfa.

### *6. gr. Geymslutími rafrænna gagna.*

Rafrænt bókhald og rafræn fylgiskjöl þess skulu geymd á gagnamiðli í **sjö ár** frá lokum viðkomandi reikningsárs. Sömu ákvæði gilda um varðveislu gagna-safnskerfa.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. maí 2013.

# Þjóðskjalasafn Íslands

## Reglur og leiðbeiningar

# Þjóðskjalasafn Íslands

## Lög nr. 77 / 2014 um opinber skjalasöfn

Afhendingaskildir aðilar eru opinberir aðilar og félög í eigu hins opinbera s.s. Landsvirkjun, OR, Landsbankinn.

**Opinber skjalasöfn:** Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn sem starfa í samræmi við rekstrarleyfi.

**Skjal:** Hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings.

[http://skjalasafn.is/reglur\\_og\\_leidbeiningar](http://skjalasafn.is/reglur_og_leidbeiningar)



# Þjóðskjalasafn Íslands

## Lög nr. 77 / 2014 15. gr.

**Pappír**. Afhendingarskyld skjöl skal afhenda opinberu skjalasafni þegar þau hafa náð **30 ára** aldri.

**Rafræn skjöl**. Þó skulu skjöl og önnur gögn á rafrænu formi afhent að jafnaði eigi síðar en þegar þau hafa náð **5 ára** aldri.

Þegar skjöl eru afhent opinberu skjalasafni áður en þau hafa náð 30 ára aldri er safninu heimilt **að taka gjald fyrir geymslu** þeirra þar til þau hafa náð 30 ára aldri.

**Protabú skulu greiða Þjóðskjalasafni Íslands gjald fyrir varðveislu í sjö ár og eyðingu skjalanna**, allt eftir eðli þeirra og magni, og telst gjaldið til kostnaðar af skiptum samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl.

# Þjóðskjalasafn Íslands

## Lög nr. 77 / 2014 17. gr.

### Afritun mikilvægra skjala í eigu einstaklinga.

Ákvæði laga um menningarminjar um flutning menningarminja úr landi og laga um skil menningarverðmæta til annarra landa gilda um flutning hvers konar skjalasafna úr landi sem orðin eru **50 ára**.

Áður en skjalasafn í eigu einkaaðila, sem hefur menningarlegt eða sagnfræðilegt gildi, er flutt úr landi skal veita Þjóðskjalasafni Íslands færi á að afrita það.



# Þjóðskjalasafn Íslands

## Eyðing gagna - 24. gr. laga um opinber skjalasöfn

„Óheimilt er að ónýta eða farga nokkru skjali í skjalasöfnum þeirra aðila sem falla undir 1. eða 2. mgr. 14. gr. nema það sé gert á grundvelli samþykktar þjóðskjalavarðar, reglna skv. 23. gr. eða 2. mgr. þessarar greinar eða sérstaks lagaákvæðis. Þjóðskjalasafn Íslands skal setja sérstakar reglur skv. 3. tölul. 8. gr. um förgun skjala fyrir afhendingarskylda aðila eftir því sem við verður komið.“

Þetta á við um öll skjöl afhendingarskyldra aðila, þ.m.t. bókhaldsfylgiskjöl og skjöl sem innihalda viðkvæmar persónulegar upplýsingar. **Þó að lög um bókhald segi að eyða megi fylgiskjöllum eftir sjö ár á það ekki við um afhendingarskylda aðila og verða þeir að fá heimild þí fyrir eyðingu gagnanna. Eyðing á fylgiskjöllum bókhalds er yfirleitt veitt ef um það er beðið en þá með skilyrði um varðveislu sýnishorna.** Sjónarmiðin sem viðhöfð eru þegar tekin er ákvörðun um að heimila að synja beiðni um grisjun skjala eru hvaða upplýsingagildi skjölin hafa, t.d. hvort þau séu mikilvægar heimildir af öryggisástæðum, í lagalegu tilliti, hvort þau hafi stjórnarsýslulegt, sögulegt eða fræðilegt gildi eða þá hvort þau snerta mannréttindi eða hagsmuni einstaklinga.

Einu reglurnar um eyðingu eða grisjun skjala eru reglur sem safnið setti árið 2010 um grisjun í skjalasöfnum sveitarfélaga.

Hér eru þær <http://skjalasafn.is/files/docs/reglur-627.pdf>.

Leiðbeiningar um grisjun skjala má finna hér: <http://skjalasafn.is/files/docs/grisjun.pdf>



Ríkisskattstjóri

Skattskyldir aðilar

# Ríkisskattstjóri

<https://www.rsk.is/atvinnurekstur/bokhald-og-tekjuskraning/bokhald/nr/109>

Skattskyldum aðilum ber að geyma bókhald sitt, bókhaldsfylgiskjöl og önnur bókhaldsgögn, þ.m.t. gögn sem varðveitt eru á tölvutæku formi, á örfilmu eða á annan sambærilegan hátt, í **sjö ár** frá lokum viðkomandi reikningsárs.

Ársreikning skal ætíð geyma í **25 ár**.

**Öryggisafrit rafræns bókhalds** og rafrænna bókhaldsgagna skal taka reglulega samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum og í samræmi við umfang viðskiptanna. Öryggisafrit rafrænnar skráningar í gagnadagbók skal þó tekið í **lok hvers starfsdags**. **Að loknu reikningsári skal taka a.m.k. eitt heildarafrit af öllum gagnaskráum er snerta bókhaldið og geyma það á öruggum stað**, aðskilið frá bókhaldinu og bókhaldsgögnum.

# Ríkisskattstjóri

<https://www.rsk.is/atvinnurekstur/bokhald-og-tekjuskraning/bokhald/nr/109>

Verklagsreglurnar skulu liggja fyrir í gögnum bókhaldsins og skal staðfest að hægt sé að endurbyggja gögnin með öryggisafritum. Þá skulu vera fyrir hendi leiðbeiningar og greinargóð lýsing á því hvernig nálgast megi þau gögn sem öryggisafritin geyma með rafrænum hætti.

Öryggisafrit skulu varðveitt í tryggri geymslu á mismunandi stöðum og vera aðgengileg fyrir opinbert eftirlit þegar þess er krafist. Öryggisafrit má ekki geyma á sama stað og frumgögnin.

# Samantekt og spurningar

- Fjármálaeftirlitið, tilmæli
- Alþingi, lög nr. 145 /1994 um bókhald
- Persónuvernd, lög nr. 77 / 2000
- Reglugerð ANR um rafræna reikninga, rafrænt bókhald,.....
- Þjóðskjalasafn Íslands
- Ríkisskattstjóri
- [Thorvaldur.Sigurdsson@Deloitte.is](mailto:Thorvaldur.Sigurdsson@Deloitte.is)  
GSM 898-9005





Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari itarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 200.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.

© 2015 Deloitte ehf.

